

Atvinnumálalópur

Fundur var haldinn í Atvinnumálalópi hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 17. desember 2009 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð, og hófst fundurinn kl. 15:30

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Anna Kristinsdóttir, Hallur Páll Jónsson, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Lagt fram: Bréf borgarstjóra dags. 16. desember sl. til Atvinnumálalóps.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð frá 10. desember

Fundargerð samþykkt.

2. Forgangsröðun fjármagns til miðlægra potta

Formaður kynnti framlagt bréf borgarstjóra til Atvinnumálalóps. Með bréfinu er hópnum falið að gera tillögur til borgarráðs um ráðstöfun þeirra 150 m.kr. sem samþykktar voru til atvinnuátaksverkefna á árinu 2010.

Rætt um horfur um sumarstörf hjá einstökum sviðum. Ákveðið að fela Halli Páli að skrifa sviðsstjórum um áætlun þeirra um ráðningar í sumar m.v. fjárhagsáætlun sviða.

Jafnframt ákveðið að hafa samband við Velferðarsvið um langtímaatvinnulausa sem eru á fjárhagsaðstoð með atvinnuátak í huga.

Einnig var ákveðið að vinna með hagsmunasamtökum fatlaðra og Vinnumálastofnun um atvinnumál fatlaðra.

3. Önnur mál

Ákveðið var að bæta Ragnheiði E. Stefánsdóttur, ÍTR, í starfshóps atvinnumálalóps um starfsþjálfun á sviðum borgarinnar („intern-ship“).

Þá var ákveðið að óska eftir því að skýrsla hópsins um leiðbeinandi viðmið yrði á heimasíðu borgarinnar og að hún yrði send til stéttarfélaganna sem funduðu með hópnum og einnig til Vinnumálastofnunar.

Úrvinnslu hugmynda sem fram komu á fundi í haust um málefni Vinnuskóla og fleiri úrræða fyrir ungt fólk verður lokið fyrir áramót og verður tekin fyrir á næsta fundi hópsins.

Fundi slitið kl. 16:45.

